

11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglingum innan 16 ára að veðja.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júní 1995.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

---

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1995 og 1996 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl og 1. september til 30. nóvember, hvors árs fyrir sig. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst, er dregin frá kr. 80.000.- miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarupphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Uppbótin greiðist í júní og desember.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í II. ákvæði til bráðabirgða, laga nr. 45/1995, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1995.*

**Páll Pétursson.**

---

*Anna G. Björnsdóttir.*